




Hluti Aðalskipulags Kópavogs 1992-2012 M 1:20.000



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 M 1:20.000

Deiliskipulagssvæði

## Greinargerð

Í þessari greinargerð og meðfylgjandi teikningu er fjallað um framtíðar deiliskipulag Reykjanesbrautar milli Höfðabakka (Stekkjarbakka) og Breiðholtsbrautar, auk gatnamóta Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegar og einnig Reykjanesbrautar, Höfðabakka og Smiðjuvegar. Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að bæta úr erfiðu ástandi umferðar á Reykjanesbraut við Mjódd. Að framkvæmdinni standa Vegagerðin í samvinnu við Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur tengjast Breiðholtsbraut og Höfðabakki Reykjanesbraut í mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut. Allar göturnar eru flokkaðar sem stofnbrautir.

Í Aðalskipulagi Kópavogs eru Nýbýlavegur og Smiðjuvegur tengibrautir sem tengjast í mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut annarsvegar og Reykjanesbraut og Höfðabakka hinsvegar.

Framkvæmd deiliskipulagsins verður unnin í áföngum og verður fyrsti áfangi boðinn út haustið 2000, en það eru gatnamót Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegar. Verkinu í heild á að vera lokið 2004, miðað við vegaáætlun fyrir árið 2000.

Á vegarkaflanum á Reykjanesbraut eru nú 5 gatnamót með umferðarljósum sem öll leggjast af. Framkvæmdin mun auka umferðarrýmd og draga úr slysahættu.

Helstu breytingar á vegakerfi eru eftirfarandi:

1. Gerð punktgatnamóta á gatnamótum Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegar, sem er sama gerð gatnamóta og byggð voru árið 1995 á gatnamótum Vesturlandsvegar og Höfðabakka.
2. Gatnamót Reykjanesbrautar, Höfðabakka og Smiðjuvegar verða óhefðbundin slaufugatnamót. Gerður er hluti Höfðabakka sem er norðan við núverandi Stekkjarbakka og tengist hann Smiðjuvegi á brú yfir Reykjanesbraut. Slaufur og rampar tengja Höfðabakka og Smiðjuveg við Reykjanesbraut. Að vestanverðu við Reykjanesbraut er tengingin í hringtorgi en að austanverðu í ljósagatnamótum.
3. Þegar byggð hafa verið gatnamót Reykjanesbrautar, Höfðabakka og Smiðjuvegar munu gatnamót Reykjanesbrautar og Álfabakka leggjast af. Þó er áfram gert ráð fyrir að strætisvagnar geti ekið inn á Reykjanesbraut til norðurs frá Mjóddinni.
4. Höfðabakki tengdur til bráðabirgða við Stekkjarbakka, að öðru leyti er Höfðabakki ekki hluti af deiliskipulaginu.

Helstu breytingar á göngustígakerfi eru eftirfarandi:

5. Göngustígur sem nú liggur milli Reykjanesbrautar og Norður-Mjóddar frá Höfðabakka að Álfabakka mun færast austur fyrir Mjódd og mun liggja meðfram austurkanti Stekkjarbakka að Arnarbakka.
6. Nýr göngustígur verður lagður meðfram Reykjanesbraut að vestanverðu, frá Nýbýlavegi að Blesugróf.
7. Gert er ráð fyrir gönguleið milli Kópavogs og Reykjavíkur, sem stýrt verður með umferðarljósum, að sunnanverðu yfir ný gatnamót Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegar.
8. Undirgöng sem eru milli Smiðjuhverfis í Kópavogi og Mjóddar í Reykjavík verða aflögð. Í stað þeirra verður byggð göngubrú yfir Reykjanesbraut við Álfabakka-Skemmuveg.
9. Undirgöng undir slaufu og rampa við Höfðabakka-Stekkjarbakka.
10. Undirgöng undir slaufu og rampa við Höfðabakka-Smiðjuveg.
11. Gönguleið á brú yfir Reykjanesbraut við Höfðabakka-Smiðjuveg.
12. Undirgöng undir Nýbýlaveg við Dalveg.
13. Undirgöng undir Dalveg við Nýbýlaveg.
14. Undirgöng undir Höfðabakka við Stekkjarbakka.
15. Undirgöng undir Breiðholtsbraut við Stekkjarbakka-Skógarsel.
16. Álfabakki verður framlengdur í undirgöngum undir Breiðholtsbraut yfir í Suður-Mjódd. Um undirgöngin verður ný gönguleið milli Mjóddar og Suður-Mjóddar.

Deiliskipulag þetta var auglýst í B deild stjórnatíðinda þann ______________

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð samkv. gr. 25 í lögum nr. 73/1997.

Samþykkt í borgarráði Reykjavíkur þann 10. okt. 2000.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 7/9/00

Deiliskipulag þetta er samþykkt með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 63/1993 m.s.br.

## Skýringar

- Vísun í númer í texta hér fyrir ofan
- Mörk skipulags
- Sveitarfélagamörk
- Útmörk veghelgunarsvæðis
- Útlínur akbrauta
- Útlínur bráðabirgðaakbrauta
- Akreinalínur
- Núverandi stígar
- Núverandi stígar lagðir niður
- Nýir stígar

BORGARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK

KÓPAVOGSBÆR

Línuhönnun hf. verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík - Sími 585 1500

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | 15. júní 2000 | Harald Óskarsson |
| TEIKNAÐ | 15. júní 2000 | Harald Óskarsson |
| YFIRFARIÐ | | |
| SAMÞ. | | |

# REYKJANESBRAUT VIÐ MJÓDD

Umferðarskipulag - Deiliskipulag

MÆLIKVARÐI 1:2500